

Lög Björgunarsveitarinnar Kjalar

1. gr.

- Nafn sveitarinnar er Björgunarsveitin Kjölur og er starfssvæði hennar stórhöfuðborgarsvæðið og Kjós. Sveitin er aðili að Slysavarnafélaginu Landsbjörg og starfar í samræmi við markmið og stefnu félagsins.
- Tilgangur sveitarinnar er hvers konar björgun og leitarstörf á starfssvæði sínu og utan þess ef óskað er.

2. gr.

Einkenni sveitarinnar er nafn sveitarinnar og fjallið Esja ásamt merki Landsbjargar. Allir fullgildir félagar sveitarinnar fá útgefin félagsskírteini. Á þau skal skrá: nafn, kennitölu, heimilisfang og gildistíma.

3. gr.

- Félagar geta þeir orðið, sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Vera 18 ára á árinu að lágmarki.
2. Undirritað reglur björgunarsveitarinnar.

4. gr.

- Fullgildir félagar geta þeir orðið, sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Vera 19 ára á inntökuárinu að lágmarki.
2. Virkir í innrastarfi og æfingum með sveitinni í eitt ár.
3. Lokið grunnnámskeiðum til veru á almennu útkalli sveitarinnar.
4. Hlotið samþykki meirihluta á sveitarfundi eða aðalfundi.
5. Stjórn er heimilt að veita undanþágu frá lið 2. ef félagi hefur víðtæka reynslu af björgunarstörfum og verið virkur félagi í 6 mánuði.
6. Stjórn sveitarinnar sér til þess að félagar séu tryggðir eins vel og kostur er hverju sinni í störfum fyrir sveitina.

5. gr.

- Sveitin skal ávallt starfrækja björgunarloka á landi og sjó. Stjórn sveitar skal gefa út reglugerð sem tilgreinir nánar hvaða björgunarflokkar verði virkir.
- Stjórn setur umsjónarmenn flokka.

6. gr.

- Innan sveitarinnar skal reyna að starfrækja unglíngastarf, hvort sem það er í samstarfi við aðra eða með rekstri unglíngadeildar. Stjórn setur reglugerð um unglíngastarf.

7. gr.

- Formaður sveitarinnar er stjórnandi hennar, hvort sem er við björgunarstörf, æfingar eða aðra starfsemi og er hann í forsvari fyrir hana gagnvart öllum aðilum. Formaður fer með oddaatskvæði í stjórn.
- Varaformaður sveitarinnar er staðgengill formanns í forföllum og hefur umsjón með tengiliðum stjórnar við hópa.
- Gjaldkeri sér um fjárreiður sveitarinnar og daglegan rekstur. Allar meiriháttar skuldbindingar skulu lagðar fyrir sveitarfund.
- Ritari sveitarinnar skal sjá um ritun fundargerða og halda utan um félagatal/útkallslista.
- Meðstjórnendur sinna tilfallandi verkefnum.
- Stjórn sveitarinnar skipar umsjónarmenn eigna t.d. hús, tækja og búnaðar.

8. gr.

- Aðalfundur sveitarinnar er æðsta vald í öllum málum innan hennar. Hann skal halda að vori, eigi síðar en 30. apríl ár hvert. Skal hann boðaður með minnst 14 daga fyrirvara með auglýsingu í húsi sveitar og með tölvupósti á skráð netföng félaga.
- Aðalfundur er lögmætur ef helmingur fullgildra félaga sækir fundinn. Ef aðalfundur telst ekki lögmætur, skal samstundis boða til nýs fundar innan tveggja vikna, og telst hann þá lögmætur án tillits til þáttöku, ef réttilega er til hans boðað skv. framanskráðu.
- Gjaldkeri skal skila ársreikningi og umbeðnum bókhaldsgögnum til kjörinna endurskoðenda eigi síðar en fjórtán dögum fyrir aðalfund.
- Atkvæðisbærir á aðalfundi eru fullgildir félagar sem mættir eru á fundarstað. Félagar hafa málfrelsi og tillögurétt.
- Dagskrá aðalfundar:
 1. Formaður setur fund og tilnefnir fundastjóra og fundaritari.
 2. Staðfesting á kjörgengi fundarmanna.
 3. Skýrsla stjórnar og reikningar.
 4. Verðandi félagar samþykktir.
 5. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar.
 6. Lagabreytingar.
 7. Tillögur sem borist hafa kynntar og bornar undir atkvæði.
 8. Stjórnarkjör.
 9. Kosning tveggja skoðunarmanna og eins til vara til eins árs.
 10. Önnur mál.
- Í skýrslu stjórnar skal getið um störf sveitarinnar á liðnu starfsári, þátttöku í björgunar- og leitaraðgerðum, æfingum, námskeiðum og aðra atburði er markverðir teljast. Einnig skal fylgja yfirlit yfir búnað sveitarinnar og ástand hans.
- Allar tillögur um lagabreytingar skulu hafa borist stjórn sveitarinnar 1 viku fyrir aðalfund og skal stjórn senda þær á öll skráð netföng félaga sveitarinnar minnst 4 dögum fyrir aðalfund.
- Sá sem gefur kost á sér í stjórn sveitarinnar skal tilkynna stjórn skriflega viku fyrir löglega boðaðan aðalfund að hann hyggi á framboð en komist ekki á sjálfan fundinn. Stjórn ber að koma því til skila á aðalfundi.
- Kjörgengi til stjórnar: kjörgengi til stjórnarmanna er að viðkomandi sé búinn að starfa í a.m.k. tvö ár sem fullgildur félagi. Kjörgengi til formanns og gjaldkera er að viðkomandi hafi starfað að lágmarki 3 ár sem fullgildur félagi.
- Ef enginn fær hreinan meirihluta í kosningu skal kjósa aftur um þá tvo sem fá flest atkvæði.
- Formaður og gjaldkeri skulu kosnir sérstaklega.
- Stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára í senn. Þau ár sem teljast til sléttra talna er kosning á gjaldkera og 2 meðstjórnendum. Árið á móti er kosið til formanns og 2 meðstjórnanda.
- Ef ekki tekst að ljúka afgreiðslu mála á aðalfundi sveitarinnar, skal boða til framhaldsaðalfundar. Dagskrá framhaldsfundarins verði eingöngu um þau mál.

9. gr.

- Stjórn félagsins skipa sex fullgildir félagar, formaður, gjaldkeri, ritari og meðstjórnendur.
- Stjórn skal kjörin af aðalfundi, bundinni kosningu með hreinum meirihluta atkvæða. Atkvæðagreiðslan skal vera leynileg ef þurfa þykir. Stjórn sveitarinnar skiptir sjálf hlutverkum milli meðstjórnenda.
- Stjórnarfundur er ályktunarfær ef fjórir stjórnarmenn sækja fund hið fæsta. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum.
- Ef stjórnarmaður hættir í stjórn ber að boða til aukaaðalfundar.
- Ef umsjónarmaður hættir ber að boða til stjórnarfundar.

10. gr.

- Stjórn sveitarinnar skal halda sveitarfundi eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári.
- Þriðjungur fullgildra félaga í sveitinni geta óskað sameiginlega eftir sveitarfundi. Skal óskin koma skriflega til stjórnar með fyrirhuguðum málefnaalista. Skal stjórnin halda fundinn innan 14 daga frá móttöku.
- Á sveitarfundum hafa fullgildir félagar atkvæðisrétt en félagar málfrelsi og tillögurétt.
- Sveitarfundir skulu boðaðir með 7 daga fyrirvara með tölvupósti á skráð netföng félaga.

11. gr.

- Allir fullgildir félagar á útkallslista sveitarinnar skulu sinna kvaðningu til björgunarstarfa tafarlaust sé þess nokkur kostur. Þeim ber að hlýða boðum hópstjóra sinna og leggja sig fram við að rækja hlutverk sitt sem best.

12. gr.

- Verði félagi í sveitinni sekur um að spilla álitum hennar út á við, valdur að stórfelldri vanrækslu um eignir sveitarinnar eða brýtur gegn lögum þessum, reglum björgunarsveitarinnar, siðareglum Slysavarnafélagsins Landsbjargar eða landslögum Íslands, getur meirihluti stjórnar sveitarinnar vísað honum úr sveitinni tímabundið eða að fullu. Honum skal tilkynnt þetta formlega.
- Sé ósætti um brottrekstur eða brottrekstrarsök getur viðkomandi aðili vísað málinu til aðalfundar til endanlegrar afgreiðslu.

13. gr.

- Varasjóður.
Sveitin skal eiga varasjóð og skal innistæða hans nema að lágmarki upphæð sem nemur rekstri sveitarinnar í 1 ár. Óheimilt er að ráðstafa fé úr sjóðnum, nema með samþykki tveim þriðju fullgildra félaga sveitarfundar eða aðalfundar og skal ráðstöfunartillaga tilkynnt stjórn 7 dögum fyrir boðaðan fund. Forsendur fyrir útgreiðslu úr sjóðnum þurfa að vera verulegt hrun í tekjum sveitarinnar eða vegna stærri fjárfestinga fyrir sveitina. Varasjóður skal varðveittur í banka. Meginstefna við vörslu hans skal vera öryggi frekar en há ávöxtun. Ef veitt er úr varasjóðnum skal leitast við að byggja hann upp aftur svo fljótt sem auðið er.

14. gr.

▪ Félagsslit.

Samþykki tveggja þriðju hluta fullgildra félaga þarf til að hætta starfrækslu sveitarinnar. Skulu þá allar eignir hennar afhentar Slysavarnafélaginu Landsbjörg til vörslu, þar til stofnuð verður ný sveit á Kjalarnesi með sama tilgangi.

15. gr.

- Stjórn hefur heimild til setningar reglugerða/starfsreglna til nánari útfærslu á innra starfi sveitarinnar. Reglugerðir/starfsreglur skulu lagðar fyrir sveitarfund til kynningar.
- Lögum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi sveitarinnar með hreinum meirihluta atkvæða.

- Lög þessi voru samþykkt á aukaaðalfundi í Þórnyjarbúð 23. maí 2012